

**Nd. 305. Frumvarp til laga**

um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Í hverju prestakalli skal sóknarprestur færa kirkjubók (ministerialbók) og manntalsbók (sálnaregistur) fyrir allt prestakallið, og varðveitir prestur þær. Auk þess skulu sóknarnefndarformenn í hverri sókn færa slíkar bækur, að því er til sóknarinnar tekur, og geyma þeirra. Heimilt er sóknarnefnd að fela öðrum, er hún telur sérstaklega vel til þess hæfan, að rita bækurnar. Bækur þessar skal rita greini-

lega og án nokkurrar undanfellingar. Skytt er sóknarpresti að láta sóknarnefndarformanni eða kirkjubókarritari í té alla nauðsynlega vitneskju við færslu framangreindra bóka. Þeir skulu bera bækurnar vandlega saman að minnsta kosti einu sinni á ári, í janúarmánuði ár hvert, en aldrei mega þær vera eina nótt undir sama þaki báðar. Ákvæði þessarar greinar um manntalsbækur taka þó ekki til þeirra kaupstaða, þar sem öðrum en prestum er með lögum falið að skrá manntal.

#### 2. gr.

Kirkjustjórnin skal hlutast til um, að ávallt sé kostur á hentugum kirkju- og manntalsbókum úr vönduðum pappír og í því formi, er tíðkamt hefur eða hún ákveður síðar. Bækurnar séu gegnþræddar, innsiglaðar og löggiltar af biskupi. Hlutaðeigandi prófastur skal hafa eftirlit með því á yfirreiðum sínum, að þær séu vel og samvizkusamlega færðar, og annast um, að misfellum í því efni verði kippt í lag. Andvirði kirkju- og manntalsbóka greiðist úr rikissjóði.

#### 3. gr.

Kirkju- og manntalsbækur sóknarpresta skulu sendar þjóðskjalasafninu til varðveislu, er þeir hafa þeirra ekki lengur brýna þörf. Þó má aldrei halda þeim lengur en 10 ár, frá því að þær eru fullritaðar.

Kirkju- og manntalsbækur sókna skulu afhentar hlutaðeigandi héraðs- eða kaupstaðarbókasafni til eignar og geymslu, þegar þær eru fullskrifaðar. Nú er ekki til héraðsbókasafn, og skal þá afhenda bækurnar hlutaðeigandi prófasti, sem kemur þeim í örugga geymslu innan héraðs.

Forstöðumanni héraðs- eða kaupstaðarbókasafns er heimilt að gefa fæðingarvottorð og önnur vottorð samkvæmt kirkjubókum safnsins þeim, er þess óska, og gegn sama gjaldi og greitt er til þjóðskjalasafnsins fyrir slík vottorð.

#### 4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til rikissjóðs frá 50—1000 kr., nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

#### 5. gr.

Ráðherra getur sett með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.

### Greinargerð.

Fyrstu fyrirmæli um ritun kirkjubóka hér á landi mun að finna í erindisbréfi handa biskupum, dags. 1. júní 1746, þar sem þeim er boðið að sjá um, að prestar haldi skrá yfir fædda, dána, gifta og fermda og sálmaregistur, einkum yfir nöfn æskulýðsins. Það er fyrst með konungsbréfi frá 11. des. 1812, að prestum er gert að skyldu að færa kirkjubækur svo sem nú tíðkast. Í konungsbréfi þessu var svo fyrir mælt, að allar kirkjubækur skuli tvíritaðar og önnur bókin geymd hjá djáknanum. Ákvæðum þessum mun hafa verið slælega framfylgt. Þó voru kirkjubækur víða tvíritaðar fram yfir 1850 og á stöku stað fram undir síðustu aldamót. Konungsbréfið ber með sér, að tilgangur þessa ákvæðis var að tryggja, að heimildir þær, er kirkjubækurnar hafa að geyma, glötuðust ekki, þótt kirkjubók brynni eða misfærist á annan hátt. Gætir hér meiri framsýni og skilnings danskra stjórnarvalda á gildi kirkjubóka en ætla mætti á þeim tíma og jafnvel meiri en vart hefur orðið hjá íslenskum stjórnarvöldum á þessu sviði.

Reynslan hefur sýnt, að tvíritun kirkjubóka er nauðsynleg; margsinnis hafa eldsvoðar á prestssetrum grandað kirkjubókum og eyðilagt þannig óbætanlega mikilsverðar heimildir, af því að engin samrit voru til. Þetta eitt ætti að nægja til þess, að tvíritun kirkjubóka yrði lögboðin.

Til frekari áréttingar má benda á, að mörgum, sem búsettir eru fjarri þjóðskjalasafninu, þykir sárt að missa bækurnar og halda þeim þess vegna lengur en skyldi, og hefur tjón hlotizt af því. Með þeirri skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, verður annað eintakið eftir í héraðinu og fresturinn til að skila þessum bókum á þjóðskjalasafnið því stytur um helming.

Með frv. eru héraðs- og kaupstaðarbókasöfnunum fengin ný verkefni, sem væntanlega verður upphaf þess, að þau safni og varðveiti alls konar óprentaðar heimildir, er snerta sögu héraðsins og mannfræði.

Loks er með frv. greidd mjög gata þeirra innanhéraðsmanna, er síðar meir fást við rannsóknir þessara fræða og geta ekki dvalið langdvölum í Reykjavík.